

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm ehf Dýrafirði



Dags eftirlits	24.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm ehf	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Sindragötu 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Ólafsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Níu frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit er varða tilkynningar um útsetningu seiða, að vöktunarskýrslum var ekki skilað fyrir útsetningu seiða, að öryggisblöð voru ekki aðgengileg, að olíur voru geymdar við ófullnægjandi aðstæður í fúðurpramma og að gögnum var ekki skilað innan tímamarka. Ein ábending var sett fram um að útreikningar á losun fosfórs þurfa að fylgja með í ársyfirliti.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða fiskeldisstöð Arctic Sea Farm, Dýrafirði. Fiskeldisstöðin er kvíaeldisstöð með leyfi fyrir eldi á laxfiskum í sjókvíum á fjórum eldissvæðum, Haukadalsbót, Gemlufalli, Eyrarhlíð og Skagahlíð. Heimilt er að ala allt að 10.000 tonna lífmassa í stöðinni á hverjum tíma og að jafnaði ekki á fleiri en tveimur staðsetningum á hverjum tíma. Starfsleyfið gildir til 6. maí 2037.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Eftirlitsmælingar, skráningar og gagnaskil
- Áætlanir og viðbrögð – uppfærslur áætlana, trygginga o.fl.
- Umgengni og aðkoma lóðar og kvía
- Geymsla, förgun og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð
- Önnur mál

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2022 en ein ábending var sett fram er varðar skráningu efnalosunar í ársskýrslu. Rekstraraðili hefur hætt notkun á svæðinu við Gemlufall. Svæðið við Skagahlíð hefur aldrei verið notað og stendur ekki til að nota það í bráð. Svæðinu við Eyrarhlíð er skipt niður í tvö svæði, Eyrarhlíð I og II. Fiskur var í 24 kvíum við Eyrarhlíð er eftirlitið fór fram og var um 2.200 tonna lífmassi á svæðinu. Við Haukadalsbót var fiskur í 12 kvíum og lífmassi rúm 3.800 tonn.

Áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Seiði voru sett út í kvíar við Eyrarhlíð í júlí 2023 og í apríl 2023 við Haukadalsbót. Rekstraraðili tilkynnti ekki um útsetningu seiða til eftirlitsaðila skv. gr. 3.2 í starfsleyfi, hvorki við Eyrarhlíð né Haukadalsbót og er því sett frávik þar um. Minnt er á að hvíldartími á milli kynslóða er að lágmarki 90 dagar og tilkynna skal eftirlitsaðila útsetningu með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara ásamt því að senda inn vöktunarskýrslu vegna hvíldarsýnatöku á svæðinu. Eftirlitsaðili getur einhliða frestað útsetningu seiða bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á svæðinu. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða getur Umhverfisstofnun lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998. Áætlað er að hámarkssýnataka við Haukadalsbót fari fram nú í haust og er rekstraraðili minntur á að senda inn skýrslu með niðurstöðu hennar um leið og hún berst.

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað og því einnig sett frávik þar um. Útstreymisbókhaldinu var skilað þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað. Skýrslur vegna ársins 2022 bárust ekki fyrir tilsettan tímafrest, 1. maí ár hvert og er því sett frávik þar um. Skýrslurnar bárust eftirlitsaðila þann 5. júlí 2023 og er frávikunum því lokað. Ársskýrslu hefur ekki verið skilað fyrir árið 2023 og er því frávik sett þar um og áfram er minnt á að útreikningar efnalosunar skv. gr. 3.4 í starfsleyfi þurfa að fylgja ársskýrslunni. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var skilað þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.

Árið 2023 fóru fram sex sýnatökur á svæðinu á vegum Akvaplan Niva. Hámarkssýnatökur við Eyrarhlíð I og II, og hvíldarsýnataka við Haukadalsbót og Eyrarhlíð I og II. Fengu öll svæðin 1 í einkunn „Mjög gott“ nema hámarkssýnataka fyrir Eyrarhlíð I. Þar kom fram hækkun á kopar og lífrænum kolefnum (TOC) á svæði C1 og nær

Því ekki að falla undir „mjög gott“. Rekstraraðili skal fylgjast vel með svæðinu og gera ráðstafanir fari gildi kopars og kolefnis enn hækkandi í næstu sýnatökum. Sýnatökuskýrslurnar eru birtar á heimasvæði rekstraraðila á ust.is.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila. Vöktunaráætlunina þarf að uppfæra m.t.t. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og skal hún send eftirlitsaðila að því loknu. Allar áætlanir eru vistaðar í rafrænu kerfi rekstraraðila og eru aðgengilegar starfsmönnum þar. Minnt er á að uppfæra þarf áætlanirnar m.t.t. breytinga á verklagi, starfsmönnum og símanúmerum ef við á. ASC vottun er í gildi til 9. maí 2025.

Kvíarnar eru þjónustaðar daglega, dauðfiskur fjarlægður og settur í meltu. Aðstaða til meltugerðar er til staðar á prammanum og sýra er geymd við fullnægjandi aðstæður utandyra. Þjónustusamningur er við flutningaskipið Hordafor sem kemur og sækir meltu út í prammana og siglir henni til Noregs. Sjálfvirk fóðrun er í kvíarnar og er henni stýrt frá Þingeyri. Myndavélar og lýsing eru í kvíunum. Meindýraeyðir kemur reglulega, skv. samningi og yfirfer varnir í fóðurgeymslum. Meindýr hafa ekki verið vandamál til þessa og ekki er mikill ágangur fugla í kvíarnar. Net er yfir kvíum.

Siglt var út að kvíum, bæði við Eyrarhlíð og Haukadalsbót og engar ábendingar settar fram þar um. Farið var um borð í fóðurpramma og aðstæður skoðaðar. Engar lekabyttur voru undir olíutunnum sem voru um borð í prammanum og er því sett frávík þar um. Engin öryggisblöð voru aðgengileg skv. gr. 3.11 í starfsleyfi og var rekstraraðili minntur á að gera úrbætur þar um. Frávík er sett hvað það varðar. Úrgangsolía er ferjuð í land með þjónustubát og skilað til Olíudreifingar.

Alla jafna kemur fóður beint frá fóðurskipi yfir í pramman og er því siglt frá Skotlandi. Einstaka sinnum er fóður tekið frá Laxá en kemur það í sekkjum sem fluttir eru yfir í pramman með þjónustubát. Heimild er í starfsleyfinu fyrir notkun á ásætuvörnum sem innihalda kopar og er minnt á að vakta þarf svæðið m.t.t. þess skv. gr. 3.4 í starfsleyfi, þar sem slíkar nætur eru í notkun á svæðinu.

Frávík frá	Lýsing á frávíki
Gr. 3.2 í starfsleyfi	Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara, hvorki fyrir Eyrarhlíð í júlí 2023 né Haukadalsbót í apríl 2023.
Gr. 3.11 í starfsleyfi	Öryggisblöð skulu vera aðgengileg og uppfærð við alla efnameðferð. Öryggisblöð voru ekki til staðar í fóðurpramma. Verða úrbætur skoðaðar í næsta eftirliti.
Gr. 3.11 í starfsleyfi	Olíuefni voru geymdar við ófullnægjandi aðstæður í fóðurpramma en rekstraraðili vinnur að því að koma fyrir lekabyttum undir öll spilliefni. Verða úrbætur skoðaðar í næsta eftirliti.
Gr. 4.2 í starfsleyfi	Ársyfirlit fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. Frávíkinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.
Gr. 4.2 í starfsleyfi	Ársyfirlit fyrir árið 2023 hefur enn ekki borist eftirlitsaðila en skiladagur þeirra var fyrir 1. maí sl. Ársyfirlit 2023 barst þann 4. október sl. og er frávíkinu því lokað.

- Gr. 4.3 í starfsleyfi Grænt bókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.
- Gr. 4.3 í starfsleyfi Útstreymisbókhald, fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila en skila ber öllum skýrslum fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald 2023 barst þann 4. október sl. og er frávikinu því lokað.
- Gr. 4.3 í starfsleyfi Útstreymisbókhald, fyrir árið 2022 barst ekki fyrr en 5. júlí 2023 en skila ber fyrir 1. maí ár hvert. Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.
- Gr. 3.2 í starfsleyf Vöktunarskýrslur vegna hvíldarsýnataka fyrir útsetningu seyða, í kvíar við Eyrarhlíð og Haukadalsbót árið 2023 bárust eftirlitsaðila ekki fyrr en að lokinni útsetningu eða þann 17. júlí 2024, en þær þarf að senda inn til eftirlitsaðila að lágmarki tveimur vikum fyrir útsetningu.

#### ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram varðandi það að útreikningar á losun fosfórs þurfa að fylgja með í ársskýrslu.

#### ANNAÐ

Kynningar á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, breyttu fyrirkomulagi um boðun eftirlits Umhverfisstofnunar og á innheimtu eftirlitsgjalda skv. nýrri gjaldskrá Umhverfisstofnunar voru sendar með fundarboðinu og var rekstraraðili beðinn um að kynna sér gögnin.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 24.10.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir